



Hörgársveit

Fréttabréf

27. september 2019 10. árgangur 8. tölublað

Leikir og íþróttir

Smárinn og Hörgársveit hafa nú tekið höndum saman um að bjóða upp á fjölbreyttar íþróttaæfingar og aðra afþreyingu fyrir krakka á þriðjudögum og fimmtudögum eftir skóla. Æfingarnar byggja á ýmsum leikjum og íþróttum en skipulagið má sjá á heimasíðu Ungmennafélagsins Smárans. Markmiðið er að bjóða upp á íþróttaæfingar og frístund fyrir grunnskólanemendur í 1. - 4. bekk. Allir nemendur í 1. - 10. bekk geta nýtt íþróttaæfingarnar.

Íþróttapjálfari vetrarins er Þórólfur Sveinsson og með honum verður aðstoðapjálfari en því starfi skipta Álfhildur Helga Ingólfssdóttir, Bjarney Viðja Vignisdóttir, Ísak Óli Bernharðsson og Linda Björg Keel Kristjansdóttir með sér.

Skipulagslýsing deiliskipulags

Sveitarstjórn Hörgársveitar auglýsir skipulagslýsingar skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga vegna deiliskipulags fyrir vinnslusvæði hitaveitu Norðurorku við Hjalteyri. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði II og athafnasvæði AT3 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og mun deiliskipulagið taka til byggingar húsakosts og tækjabúnaðar á svæðinu. Lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 23. september 2019 til og með 7. október 2019. Lýsingin verður einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins, horgarsveit.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingarnar til mánuðagsins 7. október 2019. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins, Þelemerkurskóla, 601 Akureyri eða til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið vigfus@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar- 106. fundur

Fimmtudaginn 26. september 2019 kl.15:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Jónas Þór Jónasson og María Albína Tryggvadóttir.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

1. Uppbygging Glæsibæ – drög að viljayfirlýsingu

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu. Ólafur Rúnar Ólafsson lögfræðingur sveitarfélagsins mætti á fundinn og fór yfir málin með sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkti eftir umræður á fundinum að málið verði unnið áfram og stefnt að því að tillaga að viljayfirlýsingu verði lögð fram á næsta fundi.

2. Lausaganga búfjár

Lagt fram minnisblað sem Ólafur Rúnar Ólafsson lögfræðingur sveitarfélagsins hefur tekið saman um málið og fór yfir með sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkti að unnar verði tillögur um hert skipulag á lausagöngu búfjár og þær verði kynntar íbúum og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir, tillögur og umsagnir.

3. Fundargerð atvinnu- og menningarnefndar frá 12.9.2019

Fundargerðin sem er í 5 liðum lögð fram.

4. Fundargerð fræðslunefndar frá 24.9.2019

Fundargerðin sem er í 6 liðum lögð fram og þarfnast 2 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar:

- a) Í 3.lið, stytting vinnuviku starfsmanna Álfasteins.
Sveitarstjórn samþykkti að fresta umræðu um styttingu vinnuviku þar til niðurstaða kjarasamninga liggur fyrir.
- b) Í 4.lið, samráðsfundir starfsfólks Álfasteins.
Sveitarstjórn samþykkti að auka tíma til samráðsfunda um 8 tíma á ári.

5. Fundargerð byggingarnefndar frá 117. fundi

Fundargerðin lögð fram.

6. Fundargerð stjórnar Hafnarsamlags frá 243. fundi

Fundargerðin lögð fram.

7. Fundargerð aðalfundar SBE frá 17.9.2019

Fundargerðin lögð fram ásamt ársreikningi 2018.

8. Kosning fulltrúa í atvinnu- og menningarnefnd

Lagt fram erindi frá Bernharð Arnarsyni með afsögn úr nefndinni vegna brottflutnings úr sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkti að Líney Emma Jónsdóttir verði aðalmaður í atvinnu- og menningarnefnd og Sigríður Guðmundsdóttir verði varamaður.

9. Hitaveita í Hörgársveit, samstarf með Norðurorku

Lagt fram tilboð frá Eflu verkfræðistofu í vinnu við hagkvæmniathugun við lagningu hitaveitu víðar í sveitarfélaginu, en verkefnið er samstarfsverkefni Norðurorku og Hörgársveitar og verður unnið á fyrstu mánuðum næsta árs.
Sveitarstjórn samþykkti tilboðið.

10. Jafnlaunavottun

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er varðar málið. Rætt um tilhögun vinnu við vottunina sem þarf að ljúka fyrir 31. desember 2019.
Sveitarstjórn samþykkti að eiga samstarf við Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp og Svalbarðsstrandarhrepp um verkefnið og leita sameiginlegs tilboðs í það frá sérfræðingum og vottunaraðilum.

11. Húsnæðisáætlun Hörgársveitar, síðari umræða

Húsnæðisáætlun Hörgársv. lögð fram eftir breytingar frá fyrri umræðu
Sveitarstjórn samþykkti húsnæðisáætlun Hörgársveitar 2019-2027 og fól sveitarstjóra að kynna hana viðkomandi aðilum og á heimasíðu sveitarfélagsins.

12. Jarðgöng undir Tröllaskaga

Lagt fram erindi frá Ólafi Jónssyni á Akureyri þar sem hann lýsir áhuga sínum á því að komið verði á laggirnar verkefnahópi sem myndi skoða möguleika á tvennum jarðgöngum, úr Hörgárdal í Skíðadal og þaðan yfir í Kolbeinsdal í Skagafirði.

Erindið lagt fram.

13. Reynihlíð 14-18, samningur um lóðir og byggingaframkv., viðauki

Lagður fram viðauki við samning frá 15.2.2019, er varðar breytingar á dagsetningum á greiðslum gatnagerðargjalda.

Sveitarstjórn samþykkti viðaukann.

14. Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2019

Lögð fram tillaga að viðauka 03 við fjárhagsáætlun 2019.

Sveitarstjórn samþ. viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2019, sem hefur auðk. 03/2019, og gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins verði jákvæð sem nemur 51.451 þús.kr. og handbært fé í árslok verði 105.937 þús.kr.

15. Erindi Umhverfisstofnunar, tilnefning

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir að Hörgársveit tilnefni fulltrúa í starfshóp vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir hverastrýtur í Eyjafirði.

Sveitarstjórn samþykkti að Axel Grettisson verði fulltrúi Hörgársveitar í starfshópnum.

16. Árshátíð félaganna í Hörgársveit, umsókn um styrk

Lagt fram erindi frá félögum í sveitarfélaginu þar sem óskað er eftir styrk til greiðslu húsaleigu á árshátíð félaganna.

Sveitarstjórn samþykkti erindið.

17. Fjárhagsáætlun 2020

Umræður um gerð fjárhagsáætlunar 2020.

Söfnun á úrgangstimbri og brotajárni verður 7.- 11. október

Dagana 7.- 11. október fer fram söfnun á úrgangstimbri og brotajárni. Þeir sem vilja losna við timburafanga og járnarusl þurfa að láta vita í síma

**860 6846 eða á jonni@horgarsveit.is
fyrir kl. 16:00, 4. október n.k.**

nauðsynlegt er að auðvelt sé að komast að timbrinu með vörubíl og að búið sé að safna því saman á einn stað á hverju býli eða við hverja lóð.

Athugið að ekki má blanda þessum úrgangs-tegundum saman, né annan úrgang, s.s. óflokkaðan úrgang.

Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 – auglýsing á niðurstöðu sveitarstjórnar

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 30. apríl 2019 breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2008-2020. Breytingin lýtur að legu nýrrar aðveituæðar hitaveitu frá Hjalteyri til Akureyrar, sem hliðrað er frá legu eldri aðveituæðar á kaflanum milli Óss og Hellulands. Hliðrun lagnaleiðarinnar nemur um 0 til 500 m á um 3 km kafla.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til viðmiða sem tilgreind eru í gr. 4.8.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og hefur hún hlotið málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar auðlinda- og umhverfismála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild stjórnartíðinda.

F.h. Hörgársveitar,
Skipulags- og byggingarfulltrúi